

**Áætlun um öryggi og slysavarnir í Waldorf
leik- og grunnskólanum Sólstöfum**



Inngangur

Tilgangur með gerð skriflegrar áætlunar um öryggi og heilbrigði í Waldorfleiksskólanum og grunnskólanum Sólstöfum er að fyrirbyggja og draga úr áhættu á slysum, óhöppum, álagi, vanlíðan og heilsutjóni sem starfsfólk getur orðið fyrir við störf sín.

Skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði felur í sér sérstakt áhættumat sem unnið er af Öryggisnefnd Sólstafa, áætlun um heilsuvernd og forvarnir sem í samræmi við niðurstöður áhættumatsins leiða til úrbóta og eftirfylgni að úrbótum loknum. Áætluninni er ætlað að tryggja sem best vellíðan allra okkar starfsmanna. Áætluninni skal framfylgja í daglegri starfsemi skólans þannig að vinnuverndarstarfið sé órjúfanlegur þáttur starfseminnar. Árangur af hinu kerfisbundna áhættumati verður metinn reglulega í samráði við Öryggisnefnd skólans og úrbætur gerðar eftir því sem niðurstöður árangursmatsins gefa tilefni til.

Áætlunin um öryggi og heilbrigði verður uppfærð aðgengileg á heimasíðu skólans.

Áhætta í skólastarfinu

Í skólastarfi Waldorf grunn og leiksskólans Sólstafa fer fram fjölbreytt nám og starf. Frjáls leikur, bóknám, verk og listnám og hefur sinn sess innan skólans og er vinnuumhverfi skólans margvíslegt auk skólaeldhúss og mötuneytis.

Nemendur eru á aldrinum 18 mánaða til 16 ára og koma hvaðanæva að af höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn og kennarar skólans hafa ýmisskonar starfsreynslu og menntun.

Starfsaðstaða í skólanum kallar á margþætt öryggiseftirlit, t.d. í eldhúsi og matsal skólans og við ræstingar. Verkleig vinna nemenda fer einnig að nokkru leyti fram í skólastofum og í sérútbúinni stofu fyrir handverkskennslu innan skólans.

Húsvörður og öryggisvörður sér um eftirlit og örugga geymslu verkfæra og efna sem notuð eru daglega í vinnuumhverfinu og uppfærir lista sem lúta að því. Hann sér einnig um eftirlit og viðhald á útisvæðum skólans og leiktækjum og gerir umbótaáætlanir fyrir þá vinnu. Umsjónarkennarar, deildarstjórar og fagkennarar sjá um og ábyrgjast eftirlit og frágang þeirra verkfæra og efna sem þeir nota við kennslu í skólastofum.

Fjöldi starfsmanna leik og grunnskólans

Ágúst 2025

Heildarfjöldi starfsfólks leikskóla Sólstafa eru 21.

Heildarfjöldi starfsfólk grunnskóla Sólstafa eru 20.

Samantekt á niðurstöðum áhættumats

Áhættumat fyrir skólann hefur verið unnið og er það gert með tilliti til öryggis nemenda og starfsfólks, heilsu þeirra og áhættuþátta í daglegu umhverfi. Áhættumatið er uppfært einu sinni yfir veturinn, ef með þarf og að jafnaði að hausti við skólabyrjun grunnskólans.

Þættir í áhættumati eru þá endurskoðaðir og metið er hversu mikil áhættan er og hvaða forvarnir eru tiltækar og gerð viðbragðsáætlun til að viðhalda nauðsynlegu öryggisstigi.

Skráning og aðgerðaráætlun vegna niðurstaðna 2025 fylgir áætluninni.

Vinnuverndarstarf

Skipulag og virkni

Öryggisnefnd skólans, sem kosin er til tveggja ára sækir námskeið um öryggi á vinnustað og sér um að skrá og uppfæra þær aðgerðir sem vinna á til að bæta heilsu og öryggi nemenda og starfsfólks beggja skólastiga Waldorfskólans.

Hún hvetur jafnframt starfsfólk beggja skólastiga til að gæta að því sem má betur fara varðandi öryggi, heilsu og vellíðan í starfi, vera meðvituð og skoðar hvaða þætti má bæta og efla til að gera vinnustaðinn sem mest heilsueflandi. Waldorfskólinn starfar í valddreifð og eru kennarar og starfsfólk samábyrg í þessu forvarnarstarfi og hvattir til að koma með tillögur að úrbótum en jafnframt starfar öryggisvörður á vinnustaðnum sem er skipaður er af stjórnendum skólans, til tveggja ára í senn.

Áhættumat og áætlun um heilbrigði og öryggi hefur verið uppfært og breytt í samræmi við stærri vinnustað og umfang starfseminnar.

Öryggisvörður sér um að uppfæra áhættumat og vinna að skýrslum og umbótaáætlunum ásamt öryggisnefnd og í samvinnu við skólastjórnendur. Niðurstöður eru kynntar starfsfólki og þeim framfylgt við dagleg störf í skóla og leikskóla. Jafnframt er starfsfólk hvatt til að tileinka sér heilbrigða lífshætti í vinnu sem utan hennar. Markvisst er unnið að úrbótum.

Vinnuslys

Rými vinnustaðar skoðuð reglubundið og slysavarnir uppfærðar ef með þarf. Skráning og greining slysa og óhappa er unnin og úrbætur gerðar í samræmi við það.

Fræðsla/þjálfun

Starfsfólk fær fræðslu og þjálfun varðandi brunavarnir, slysavarnir, ofbeldi og fyrstu hjálp.

Fræðsluaðilar hafa komið frá Rauða krossinum, Slysavarnarhúsinu, Brúarskóla og Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins. Brunaæfing er í nóvember ár hvert.

Heilsuvernd og forvarnir

Vinnurými

Vinnurými eru fullnægjandi að stærð og viðhald er gott í rýmum skólans. Hluti vinnurýmis er í nýbyggingum þar sem öllum öryggis og vinnuverndarkröfum er fylgt til hins ýtrasta. Ljósritunar og tölvukostur starfsmanna er í viðeigandi rýmum og með gott aðgengi.

Inniloft og þrif

Í nýbyggingum skólans er loftræsting góð og hita og rakastigi stjórnað frá miðlægu kerfi. Í öðrum eldri byggingum er hita og rakastig mismunandi en öll rými vel loftræst. Eldhús er vel loftræst með útloftun.

Í nýbyggingu grunnskóla þarf að huga vel að gluggatjöldum og sólarvörnum fyrir þau rými sem snúa í suður þar sem stórir gluggar eru á kennslurýmum og getur orðið mjög heitt.

Þrif eru unnin skipulega og eru til fyrirmyndar og ræstitæknir hefur skilað skólanum skriflegri áætlun yfir þau og er með góða aðstöðu fyrir efni og verkfæri til þrifa.

Tóbaksreykingar er með öllu bannaðar í rýmum skólans og á skólalóð .

Efni og efnaáhrif

Öll vafasöm og hættuleg efni til þrifa eða annars eru geymd í læstum skápum eða rýmum í húsnæði skólans. Viðeigandi öryggisblöð um efni og viðbrögð við slysum hanga uppi í þeim rýmum.

Lýsing og hávaði

Lýsing er góð og viðeigandi í rýmum skólans bæði í dagsbirtu og raflýsingu.

Hávaði er nokkur, sérstaklega í sameiginlegum rýmum eins og matsal og í viðveru yngri barna og leikskólabarna. Gerð hefur verið mæling á hávaða í leikskólarýmum og er hún ekki yfir neðri viðbragðsmörkum. (72 dB hæst) settir hafa verið upp skilveggir inn í leikskólarými til að draga úr hávaða.

Hávaði í matsal getur farið upp fyrir mörk og hefur verið ráðist í úrbætur á því ásamt þeim sem fylgja börnum í hádegismat. Starfsmenn skulu reyna að draga úr hávaða eins og kostur er og stuðla að því að þær ráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr hávaða komi að notum.

Hljóðvist í nýbyggingum skólans er til fyrirmyndar og sérhönnuð fyrir þá vinnu sem fer þar fram.

Mikilvægt er að koma á fræðslu um raddvernd fyrir kennara.

Verkstöðvar og líkamsbeiting

Aðstaða fyrir starfsfólk grunnskóla er góð með tilliti til líkamsbeitingar. Gera þarf úttekt á aðstöðu fyrir leikskólastarfsmenn og bæta úr og huga að því að halda kynningu fyrir starfsfólk. Léttitæki eru til staðar til að bera léttu hluti milli staða s.s. hjólaborð.

Vinnuaðstaða í eldhúsi er góð og hefur verið bætt mikið og úrbætur gerðar vegna aðstöðu við uppvas og hleðslu í uppþvottavél skv. ábendingu og fyrirmælum frá Vinnueftirliti. Starfsmaður nýtir sér hjólaborð við hleðslu og afhleðslu grindar í uppþvottavél. Uppþvottavél er í borðhæð og í góðri vinnuhæð.

Félagslegur og andlegur aðbúnaður

Stjórnun.

Stjórn skólans er tvíþætt, fulltrúaráð starfar sem teymi beggja skólastiga og fundar einu sinni í viku. Stjórn Sólstafa er stjórn sjálfseignastofnuninnar sem rekur leik- og grunnskólann og fundar tvisvar á ári eða eftir þörfum. Reglulega er farið í sjálfsmat og endurmat á stjórnunarferlum, verklýsingum og samskipta og upplýsingaferlum.

Athafnafrelsi /starfsþróun

Starfsfólki finnst það hafa frelsi til að vinna sjálfstætt og hafa almennt áhrif á þróun og framgang vinnu sinnar.

Vandamál og nemendur

Starfsmönnum finnst þeir fá aðstoð og stuðning vegna erfiðra nemenda, eru ánægðir með úrræði og finnst yfirleitt vel tekið á málum. Alvarleg eineltismál meðal nemenda hafa ekki

komið upp lengi í skólanum og ber það góðu forvarnarstarfi og góðu samstarfi vitni. Áætlun um einelti og ofbeldi er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Vinnutími

Nokkuð ber á því að starfsfólki finnist það vera í tímaþröng eða ekki að ná að sinna verkefnum innan vinnutíma. Aðgæta þarf skipulag vinnu og finna leiðir til að minnka álag á kennara og starfsfólk.

Endur/símenntun

Endurmenntun og símenntun er skipulögð og uppfærð reglulega og gerð áætlun um símenntun og þá möguleika sem eru fyrir hendi. Skólinn styður starfsfólk sitt og hvetur í sambandi við endurmenntun eins og hægt er. Eldri starfsmenn miðla þekkingu til nýrra og yngri starfsmanna á fundum og í teymisvinnu.

Smithætta/hreinlæti og smitleiðir

Allur aðbúnaður til hreinlætis er í góðu lagi í rýmum skólans. Nemendur eru minntir á handþvott fyrir matmálstíma og sápa, spritt og einnota pappírspurrkur eru í öllum vinnurýmum og á salernum.

Vinnureglur eru til á leikskóla varðandi umgengni við smitaða einstaklinga og persónuhlífar til notkunar ef þarf.

Öryggi

Húsnæði og umhverfi

Aðgengi með vörur er nokkuð ábótavant og bæta þarf aðgengi. Engin sérstök vöruhúð er á húsinu. Umferðaleiðir innanhúss eru greiðar og öruggar. Lyfta fyrir fatlaða hefur verið sett á stiga á aðra hæð grunnskólabyggingar. Rýmingarleiðir eru fyrir hendi, vel merktar og greiðar. Huga þarf að hálkuvörnum á leikskólalóð. Rýmingaráætlun er til staðar og viðbrögð æfð tvisvar á skólaári. Öryggis- og heilbrigðismerkingar eru í góðu lagi. Slökkvibúnaður er í lagi og yfirfarinn og neyðaráætlun er til. Eigið viðhald er í samráði við Eldvarnareftirlit.

Skyndihjálparbúnaður er til staðar í mörgum rýmum skólans.þ.á.m. í eldhúsi, vinnustofu smíða, á efri hæð skólans, á neðri hæð skólans og einnig eru sjúkratöskur í hverri skólastofu yngra stigs og ein aukalega fyrir eldra stig.

Smíða og verkmenntastofa

Vélar í smíðastofu eru í lagi. Öryggis- og neyðarrofar eru til staðar þar sem við á og vélar festar niður. Hlíðarbúnaður véla er einnig í lagi. Stofan er læst og einungis opin í tímum þegar kennari er til staðar. Vinnuaðstaða er góð fyrir kennara og þrif, lýsing, stöflun og frágangur í stofu góður. Tröppur uppfylla staðla ÍST EN-131. Læstir skápar og aðrir skápar eru til fyrir málningavörur, verkfæri og muni.

Heyrnarhlífar og persónuhlífar eru til staðar og í góðu ástandi.

Sundlaugar- Skólasund fer fram í Laugardalslaug.

Íþróttasalir- Íþróttakennsla fer fram í sal Íþróttafélags fatlaðra í Hátúni.

Aðbúnaður

Starfsmannarými

Starfsmannarými eru nægilega stór og starfsmannasnyrtingar nægilega margar. Starfsfólk hefur aðgang að læstum skápum fyrir persónulega muni, góða kaffiaðstöðu, ísskáp og hvíldaraðstöðu.

Ræsting

Ræstirými eru nægilega mörg og aðbúnaður er góður.

Eftirfylgni

Til að vinnuverndarstarf sé virkt er ráðlagt að farið sé yfir áhættumat árlega og alltaf þegar breytingar verða á starfseminni (reglur nr. 920/2006 um skipulag vinnuverndarstarfs í fyrirtækjum).

Eftirfylgni áhættumatsins er á ábyrgð atvinnurekenda.

Mikilvægt er að allt starfsfólk skóla og leikskóla taki virkan þátt í vinnuverndarstarfinu og fylgist vel með því sem áhrif getur haft á líðan, öryggi og heilsu starfsfólks.

Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi

Allt einelti, ofbeldi og það sem þar fellur undir eins og: ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að, líðst ekki á vinnustaðnum meðal starfsmanna hans, í skólanum eða leikskólanum.

Kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér einnig undir.

Einelti getur tekið á sig ýmsar myndir:

- Starf, hæfni og verk þolandans eru lítilsvirt.
- Dregið er að ástæðulausu úr ábyrgð og verkefnum starfsmanna.
- Viljandi eru ekki gefnar nauðsynlegar upplýsingar.
- Þolandinn er neyddur til að sinna endurtekið erindum sem falla ekki undir starfsvið hans eða að hann er látinn hafa of fá eða of mörg verkefni.
- Særandi athugasemdir látnar falla um þolandann.
- Rógur borinn út um þolandann.
- Þolandinn er útilokaður frá félagslegum og faglegum samskiptum.
- Árásir gerðar á þolandann eða einkalíf hans gagnrýnt.
- Þolandinn skammaður eða hann gerður að athlægi.
- Þolandinn verður fyrir líkamlegum árásum eða fær hótanir um slíkt.
- Þolandanum er sýndur fjandskapur eða honum mætir þögn þegar hann spyr eða fitjar upp á samtali.
- Þolandinn fær móðgandi símtöl.
- Þolandinn fær niðrandi tölvubréf eða skriflegar sendingar.
- Óþægileg stríðni.
- Niðurlæging eða auðmýking t.d. vegna aldurs, kyns eða þjóðernis.

Kynferðisleg áreitni er óvelkomin áreitni sem getur falist í:

- dónalegum bröndurum og kynferðislegum athugasemdum
- óviðeigandi spurningum um kynferðisleg málefni
- snertingu sem ekki er óskað eftir
- beiðni um kynferðislegt samband sem ekki er óskað eftir
- klámfengnum dagatölum, myndum og tölvupósti.
- Kynferðisleg árás eða káf

Telji starfsmaður sig útsettan fyrir einelti eða kynferðislegu/kynbundnu áreiti eða ofbeldi á vinnustaðnum getur hann leitað til trúnaðarmanns starfsmanna sem veitir honum upplýsingar og aðstoðar hann við að setja málið í viðeigandi farveg samkvæmt aðgerðaráætlun. Unnið er eftir aðgerðaráætlun fyrir vinnustaðinn komi til slíks atviks.

Neyðaráætlanir

Viðbrögð við óveðri og viðbragðsáætlun

Steðji hætta að skólanum vegna utanaðkomandi þátta, svo sem náttúruhamfara, öskufalls eða óveðurs er unnið skv. [Viðbragðsáætlun Almannaavarna](#). Áfallaráð fer með umsjón framkvæmdar áætlunar komi til notkunar hennar í skólanum.

Gefin hefur verið út [leiðbeinandi áætlun](#) af hálfu Almannaavarna og Slökkviliðs Reykjavíkurborgar um viðbrögð forráðamanna skólabarna vegna óveðurs.

Viðbúnaðarstig 1 er eftirfarandi: Röskun verður á skólastarfi vegna erfiðleika starfsfólks og nemenda við að komast til skóla. Foreldrar fylgi börnum í skólann.

Viðbúnaðarstig 2 er eftirfarandi: Skólahald fellur niður. (Hér gæti verið átt við yngri nemendur eingöngu.)

Í mjög slæmu veðri er forráðamönnum frjálst að halda börnum sínum heima og afla sér upplýsinga á heimasíðu skólans. Fjarvistina þarf þá að tilkynna strax að morgni skóladagsins.

Slysavarnir og áfallaáætlun

Allir starfsmenn og kennarar skóla og leikskóla sækja slysavarnarnámskeið reglulega og eru þessi námskeið haldin í skólanum og eru færð inn í símenntnaráætlanir skólans.

Slysavarnarnámskeiðin eru haldin á tveggja ára fresti að jafnaði. Að loknu námskeiði fara kennarar og starfsmenn deilda yfir mögulegar slysaættur í umhverfinu og uppfæra vinnusvæði sín ef með þarf. Einnig er farið yfir áfallaáætlun og gátlista vinnuverndar starfsmanna. [Áfallaáætlun](#) skólans er aðgengileg á heimasíðu og er þar viðbragðsáætlun vegna slysa nemenda eða starfsfólks á skólatíma auk aðgerðaráætlana vegna annarra áfalla sem geta haft áhrif á skólastarfið.

Ennfremur nýtir skólinn sér tillögur um verklagsreglur og viðbrögð vegna slysa og annara öryggismála sem fram koma í handbókum Reykjavíkurborgar um velferð og öryggi barna í leik og grunnskólum.

[Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum](#)

[Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum](#)

Eldvarnar og rýmingaráætlun Waldorfskólans Sólstafa

Rýmingaráætlun hefur verið gerð fyrir skólann og teikningar af útgönguleiðum eru í hverju rými og nemendalistar í bekkjarstofum. Ein brunaæfing er haldin á hverju skólaári, til skiptis

á haustönn og vorönn. Ef brunaviðvörðunarkerfið fer í gang skal unnið eftir eftirfarandi rýmingaráætlun. Brunaviðvörðunarkerfið er tengt beint við Securitas, sem er í sambandi við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins.

Gátlisti ef brunaviðvörðunarkerfi skólans gefur viðvörðun

- Ef brunakerfið fer í gang fer umsjónarmaður eða starfsmaður að stjórnstöð og aðgætir hvaðan brunaboðinn kemur. Upptök eru könnuð eins hratt og mögulegt er.
- Öryggismiðstöðin, sem kerfið er tengt við hringir á skrifstofu skólans ef kerfið fer af stað og hefur strax samband við slökkvilið.
- Starfsfólk kemur sér fyrir á fyrirfram ákveðnum stöðum. Kennarar, leiksskólakennarar og umsjónarmenn nemenda taka nafnalista sem eru í heimastofum með sér. Kennari ber ábyrgð á þeim nemendahóp sem hann er að kenna.
- Ef bjallan þagnar fljótlega er um bilun eða falsboð að ræða. Þó skal alltaf undirbúa rýmingu kennslurýmis. Ef um falsboð er ræða er tækifæri fyrir kennara að ræða um eldvarnir og sameiginlega ábyrgð.
- Ef ekki er tilkynnt samstundis um að ekki sé hætt á ferð, undirbýr kennari rýmingu skólastofu. Nemendur fari út úr stofunni í röð eftir kennara. Farið skal í skó og yfirhafnir ef aðstæður leyfa. Í því tilfalli að um eld sé að ræða í nýbyggingu skal fara að næsta dyraútgangi. Á efri hæð skal opna brunaútganga í stofum ef ekki er aðgengi að útidyrum vegna elds og bíða þess að slökkvilið komi og aðstoði við útgöngu.
- Söfnunarsvæði grunnskólans. Kennarar og nemendur safnast saman fyrir á skólalóð við hlið útikennslustofu skólans. Farið er yfir nafnalista og athugað hvort og þá hvað margir hafa ekki skilað sér.

- Söfnunarsvæði leikskólans. Leiksskólakennarar og leikskólabörn safnast saman upp við girðingu sunnan megin á leikskólalóðinni. Farið er yfir nafnalista og athugað hvort og þá hvað margir hafa ekki skilað sér.
- Allir starfsmenn aðstoða við rýmingu, aðgæti w.c. og haldi dyrum opnum.
- Þegar allir eru komnir út er nauðsynlegt að starfsmenn sjái um að ekki sé farið inn í skólann fyrr en æfingu eða hættuástand er yfirstaðið.
- Slökkvilið kemur á staðinn. Upplýsingar eru veittar ef einhverjir hafa orðið eftir inni og þá hugsanlega staðsetningu þeirra.
- Sá sem síðastur fer út skal loka öllum dyrum á eftir sér til að draga úr reykflæði og /eða hindra útbreiðslu elds eins og hægt er. Umfram allt skal nota eigin dómgreind.
- Skólastjórnendur hafa samband við foreldra eða forráðamenn til þess að tryggja að upplýsingar berist eftir réttum leiðum.
- Kennarar meta hvort leita þarf eftir aðstoð utanaðkomandi til að veita börnum, starfsfólki og foreldrum sálrænan stuðning og áfallahjálp.

Netöryggi

Waldorfskólinn hefur unnið að því að uppfæra staðla netöryggis og persónuverndar nemenda og starfsfólks í samræmi við nýja persónuverndarlöggjöf.

Skólinn hefur kynnt sér viðmið sem eru gefin út vegna netöryggis og tekur mið af þeim varðandi heimasíðu skólans og samfélagsmiðla. Er þau aðgengileg á síðu Mennta og menningarmálaráðuneytis. <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/mrn-pdf/saft---almenn-vidmid-um-heimasidur-skola-og-fl..pdf>

Foreldrar og forráðamenn fá eyðublað til útfyllingar og undirritunar þar sem gert er samkomulag um hvernig birtingu myndefnis foreldrar samþykkja og stefna skólans til verndar persónuöryggis.

Allar persónuupplýsingar og listar eru geymd í lokuðu kerfi skólans og ekki aðgengileg almenningi rafrænt. Skólinn nýtir sér ekki vefi Mentor og Námfús til að setja inn upplýsingar um skólastarfið.

Ennfremur er unnið með nemendum að fræðslu um netöryggi og persónuverndarlög í lífsleikninámi og upplýsinga og tæknimennt.

Framkvæmd og skráning

Niðurstöður áhættumats eru færðar inn í skráningar og aðgerðaráætlun. Þar eru skráðir þeir áhættuþættir sem þarf að taka til skoðunar og þær aðgerðir sem grípa á til við að draga úr hættu í vinnuumhverfinu, þar sem við á. Öryggisnefnd sér um að skrá aðgerðaráætlun og fylgir því eftir að skráð séu verklok og að verkefnum sé fylgt eftir.

Forvarnir

Skólinn býr yfir ýmsum verkferlum og úrræðum til að auka og vernda heilsu og öryggi nemenda og starfsfólks og eru áætlanir og stefnur þess að lútandi birtar á heimasíðu skólans; s.s. áfallaáætlun, eineltisáætlun og ofbeldisvarnaráætlun, jafnréttisáætlun, símenntunaráætlun og starfsmannastefna auk forvarnar og lífsleikniáætlunar.

Sjá heimasíðu skólans: solstafir@waldorf.is.

Ábyrgðaraðilar

Stjórn Waldorfleik og grunnskólans Sólstafa er ábyrg fyrir því að öryggisnefnd starfi, öryggis og heilbrigðisáætlun stofnunarinnar sé uppfærð reglulega, áhættumati sé framfylgt og að tilnefndir öryggisaðilar séu kosnir og að tilnefning þeirra sé tilkynnt Vinnueftirliti.

Öryggisvörður og eldvarnarfulltrúi skólans er Lárus Christensen. Kt. 1105653489.

Netfang: laruschr@gmail.com

Kjósa þarf nýjan öryggistrúnaðarmann og verður tilkynnt um hann til eftirlitsins þegar kosning hefur farið fram.

